

# BÍLASTÆÐASJÓÐUR

## LEIÐARLJÓS

Starfsfólk Bílastæðasjóðs leitast við að sýna lipurð í samskiptum og hefur jafnræðisreglu að leiðarljósi í störfum sínum



## Fjárhagsáætlun

<i>Fjárhæðir í þús. kr.</i>	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Rekstrartekjur	851.256	872.537	889.988	907.788	925.944
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>851.256</b>	<b>872.537</b>	<b>889.988</b>	<b>907.788</b>	<b>925.944</b>
Laun og launatengd gjöld	219.439	226.022	232.803	239.787	246.981
Annar rekstrarkostnaður	429.882	442.779	456.062	469.744	446.600
Afskriftir	87.000	118.000	139.000	137.000	135.000
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>736.321</b>	<b>786.801</b>	<b>827.865</b>	<b>846.531</b>	<b>828.581</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>					
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>114.935</b>	<b>85.737</b>	<b>62.123</b>	<b>61.257</b>	<b>97.363</b>

## Megináherslur 2015 og helstu breytingar milli ára

Megináherslur árið 2015 eru frekari útvíkkun gjaldsvæða. Má þar nefna norðan Hverfisgötu, Brautarholt og nágrenni og vestar í vesturbænum. Lítið hefur dregið úr fjölda stöðvunarbrotagjalda og því hefur verið samþykkt 100% hækkun stöðvunarbrotagjalda með það að markmiðið að draga úr fjölda gjaldanna, sérstaklega vegna bílastæða hreyfihamlaðra þar sem gjöldum er að fjölga þrátt fyrir að gjaldið er nú 10.000 kr. Ekki er gert ráð fyrir hækkun tekna vegna stöðubrotagjalda þrátt fyrir hækkun gjaldsins. Gjaldskrárhækkun 3,4% skv. vísitölu, tekur gildi frá og með 1. janúar 2015. Þá er stefnan sett á að bæta enn frekar upplýsingakerfi og þjónustu við viðskiptavinum, þannig þeir geti meðal annars greitt fyrir stæði með snjallsíma eða fundið laus bílaæði í bílahúsum á rauntíma. Þá mun árið meðal annars einkennast af stefnumótunavinnu í kjölfar nýrrar eigendastefnu Bílastæðasjóðs þar sem tekin eru fyrir málefni er varða meðal annars gjaldskyld svæði og fjölgun gjaldskyldra bílastæða.

## Fjárfestingar

Bílastæðasjóður hyggst kaupa fleiri miðamæla næstu árin, bæði fyrir ný svæði sem og til að skipta út fyrir gamla mæla auk þess sem frekar verður bætt í upplýsingakerfi og aukin þjónustu við viðskiptavinum bílahúsa, þannig þeir geti séð hvar eru laus stæði á rauntíma. Í ljós byggingaframkvæmda í miðborginni þá er gert ráð fyrir að fara í framkvæmdir hvað varðar þátttöku í byggingu bílahúsa þó ekki liggi fyrir á þessari stundu hvar það verður.

## Fjárförf

Bílastæðasjóður er skuldlaus og er ekki fjárförf til staðar nema til komi frekari uppbygging bílahúsa.